



Sveitarfélagið Múlaþing

Lyngás 12, 700 Egilsstaðir

skipulagsfulltrui@mulathing.is

Vinnslutillaga vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi vegna Fjarðarheiðarganga.

Ekki eru gerðar athugasemdir við staðsetningu og val á nýjum veglínnum enda eru þær unnar í nánu samstarfi sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

Fljótisdalshéraðs 2008-2028.

Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir við innsend gögn sem unnin eru af Alta dags. 14. 7. 2022.

Í greinargerð, bls. 8, er lagt til að núverandi Seyðisfjarðarvegur, innan þéttbýlismarka, breytist úr stofnvegi í landsveg. Vegagerðin vekur athygli á að Seyðisfjarðarvegur, innan þéttbýlismarka, verður áfram stofnvegur í umsjá Vegagerðarinnar en vegflokkurinn landsvegir tekur til vega yfir fjöll og heiðar fyrir árstíðabundna umferð og með minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum. Núverandi Hringvegur á milli nýs vegar og Seyðisfjarðarvegur verður jafnframt áfram stofnvegur í umsjá Vegagerðarinnar.


Á sveitarfélagsupprætti og þéttbýlisupprætti er ekki að sjá tengingu á milli núverandi Hringvegur við fyrirhugaðan nýjan Hringveg.



Mynd 1 Tenging milli núverandi og fyrirhugaðs Hringvegur

Í stefnu um bílaumferð í kafla 7.2.2 kemur fram að dregið verði úr umferð stærri bíla á Fagradalsbraut, m.a. með tengivegi frá iðnaðar- og athafnasvæði við Miðás beint til suðurs út á Hringveg. Vegagerðin vekur athygli á að heimild verður veitt vegna tengingar við nýjan stofnveg á þessum stað en vegurinn að iðnaðar- og athafnasvæðinu

verður á vegum sveitarfélagsins. Tenging þessi er talin hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi innan þéttbýlisins. Vegagerðin leggur mikla áherslu á að ekki verði fleiri tengingar við fyrirhugaðan nýjan veg. Af þéttbýlisupprætti má mögulega skilja að nokkrar tengingar verði við fyrirhugaðan veg nær Skriðdals- og Breiðdalsvegi en Vegagerðin hefur ekki heimilað slíkt. Samkvæmt mati á umhverfisáhrifum nýs vegar verður nýr Hringvegur stofnvegur af vegtegund C₉ sem uppfyllir veghönnunarreglur en markmið veglagningarinnar er öryggi og greiðfærni. Veghönnunarreglur kveða á um að fjarlægð á milli vegamóta á slíkum vegum verði að lágmarki 800m.



Mynd 2 Fyrirhugaður vegur. Tenging við iðnaðar- og athafnasvæði er heimil en ekki aðrar tengingar að svo stöddu.

Síða 2/2

Í innsendum gögnum kemur eftirfarandi fram: „Núverandi Hringvegur yfir Egilsstaðaháls verði aflagður. Frágangur á veginum verður í samráði við viðkomandi landeigendur og sveitarfélagið.“ Vegagerðin bendir á að við færslu Hringvegarins er miðað við að núverandi vegur um Egilsstaðaháls falli úr veghaldi Vegagerðarinnar.

Seyðisfjarðarkaupstaður 2010-2030

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við innsend gögn sem unnin eru af Eflu verkfræðistofu dags. 1. 7. 2022.

Vegagerðin

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar